

Ágæta Alþingi

Ég mótmæli fram komnum hugmyndum um vegatolla af eftirfarandi ástæðum:

1. Verulegur kostnaður er af innheimtunni. Það er ekki ásættanlegt að umtalsverður hluti af skatti fari í kostnað við að innheimta skattinn. Unnt er að hækka skatta sem nú þegar eru lagðir á umferð, án þess að því fylgi kostnaður sem nokkru nemur.
2. Vegatollar geta leitt til þess að samgöngumannvirki verði ekki nýtt með skynsamlegum hætti.
3. Vegatollar tefja umferð og innheimtustöðvar taka pláss.

Með kveðju,

Haraldur Ólafsson  
Lindarbraut 9  
Seltjarnarnesi